

[Frá og með 22. Júlí 2004]

**Ráðstafanir um Bókhald, Skrár og Mútupægni úr**

**Lög og Viðurlög Gegn Mútum í Viðskiptum Bandarískra og Erlendra Aðila**

*Í gildi samkvæmt birtingu L. 105-366 (10. Nóvember 1998)*

**LAGASAFN BANDARÍKJANNA**

**SAMKVÆMT 15. GREIN BANDARÍSKRA LAGA UM VERSLUN OG  
VIÐSKIPTI**

**KAFLI 2B -- VIÐSKIPTI MEÐ VERÐBRÉFASÖFN**

**§ 78m. Reglubundnar- og aðrar skýrslur**

**(a) Gagnaskrár og skýrslur sem útgefendur verðbréfasafna skulu láta í té; innihald.**

Allir útgefendur verðbréfasafna sem lúta að grein 78I þessa rits skulu leggja fram skýrslur og gögn um slík viðskipti til hinnar bandarísku eftirlitsnefndar verðbréfasafna (U.S Securities and Exchange Commission), reglum og reglugerðum sem nefndin kann að setja til nauðsynlegrar og viðeigandi verndar fjárfestum og einnig til að stuðla að sanngjörnum viðskiptum með verðbréfasöfnin. Þessar skráninga upplýsingar og gögn eru:

(1) nýlega uppfærðar upplýsingar og skjöl (og afrit af þeim) sem eftirlitsnefnd verðbréfasafna mun þurfa svo upplýsingar og skjöl sem fylgja eða tilheyra umsókn eða yfirlýsingu vegna umsóknaryfirlýsingu sem skulu fylgja umsókn eða samkvæmt grein 78I séu hæfilega dagrétt, en nefndin getur ekki óskað að gögn séu lögð fram er varða viðskiptasamninga sem að fullu lauk fyrir 1. júlí 1962.

(2) ársskýrslur (og afrit af þeim) vottaðar af löggiltum endurskoðendum ef lög og reglugerðir nefndarinnar krefjast þess, ásamt ársfjórðungsskýrslum (og afritum af þeim) sem nefndin tilgreinir.

Sérhver útgefandi verðbréfasafns sem skráð er í kauphallir hvar sem er, skulu einnig leggja fram sömu skráningarupplýsingar, skjöl og skýrslur og upprunalega voru skráð í viðkomandi Kauphöll.

**(b) Umfang gagnaskráninga, bókhald, skýrslur og endurskoðun; tilskipanir**

\* \* \*

(2) Sérhver úgefandi verðbréfasafna sem skráð eru samkvæmt grein 78I þessa skjals, og sérhver útgefandi sem þarf að leggja til gögn samkvæmt grein 78o (d) þessa skjals skal--

(A) skrá og viðhalda bókhald yfir gögn og reikninga sem sýna, með hæfilegri nákvæmni, á réttan og sanngjarnan hátt viðskipti og ráðstöfun verðbréfasafnanna

(B) koma sér upp og viðhalda viðunandi bókhaldskerfi sem sýnir að--

(i) viðskipti fari fram eftir almennu eða sérstöku leyfi stjórnar fyrirtækisins

(ii) viðskipti eru bókfærð eins og nauðsynlegt telst (I) svo útbúa megi fjárhagsyfirlit eftir viðurkenndum endurskoðunarvinnubrögðum eða öðrum viðeigandi vinnubrögðum við vinnslu fjárhagsyfirlita. (II) að ábyrgð sé tekin á eignum;

(iii) aðgengi að eignum sé eingöngu samkvæmt almennu eða sérstöku leyfi stjórnar fyrirtækisins

(iv) með hæfilegu millibili séu bókhaldsskrár yfir eignir yfirfarnar og samanbornar við eignaskrár og brugðist sé við frávikum með viðeigandi aðgerðum.

(3) (A) Hvað varðar þjóðaröryggi Bandaríkjanna skal aðili sem á í samvinnu við aðalstjórnir embætta innan bandarísku alríkisstjórnarinnar, eða við deildir sem bera ábyrgð á þjóðaröryggismálum, svo lengi sem slík málefni eru tilkomin að forlagi aðalstjórnar umræddarar deildar innan alríkisstjórnarinnar og að fengnu umboði forseta Bandaríkjanna til að vinna að umræddum málum, vera undanskilinn öllum skyldum eða ábyrgðum sem fjallað er um í (2.) málsgrein þessa undirkafla. Allar tilskipanir þessarar málsgreinar kalla á staðreyndir og kringumstæður sem ákvarða hvaða ákvæði þessarar málsgreinar verða tekin fyrir. Öll ákvæði, nema framlengd skriflega, falla niður einu ári eftir að þau eru tekin fyrir.

(B) Aðalstjórnandi embætta innan alríkisstjórnarinnar eða deildar alríkisstjórnarinnar sem gefur út tilskipun um slíkar undanþágur, samkvæmt þessari málsgrein, skal halda til haga öllum skráum varðandi umrædda tilskipun og skal árlega þann 1. október senda út skýrslu til nefndar fulltrúaþingsins sem varanlega fer með upplýsingar um þjóðaröryggismál Bandaríkjanna, (The Permanent Select Committee on Intelligence of the House of Representatives) og til nefndar öldungadeildar Bandaríkjaþings sem fer með sömu mál (The Select Committee on Intelligence of the Senate), varðandi allar tilskipanir sem var framfylgt á árinu áður.

(4) Enginn verður saksóttur fyrir að fara ekki að lögum sem (2.) málsgrein þessa undirkafla lýsir, að undanskildum kröfum um löghlýðni samkvæmt (5.) málsgrein þessa undirkafla.

(5) Enginn má viljandi sniðganga eða viljandi bregðast að innleiða kerfisbundna endurskoðun eða viljandi falsa bókhald, skýrslur eða reikninga eins og sagt er um í (2.) málsgrein.

(6) Ef útgefandi verðbréfasafna sem hefur skráð þau samkvæmt 78I (d) kafla þessa skjals, eða sá ber skylda til að leggja fram gögn samkvæmt 78o (d) kafla þessa skjals, og nýtur 50 hundraðhluta eða minni kosningaréttar varðandi stjórnarhætti innlands eða erlends fyrirtækis, kveða ákvæði (2.) greinar um að honum beri einungis skylda til að beita rétti sínum í góðri trú, eins kringumstæður hans leyfa, með það fyrir augum að umrætt innlent eða erlent fyrirtæki geti komið sér upp og viðhaldið kerfisbundnu endurskoðendakerfi samanber (2.) málsgrein. Þessar aðstæður taka mið af stærð eignarhluta aðilans sem og lögum og reglum í heimalandi fyrirtækisins. Ef eignaraðili verðbréfasafna beitir kostningarétti sínum í slíkri góðri, fullnægir hann óyggjandi kröfum (2.) málsgreinar.

(7) Til útskýringar, þá þýða "hæfileg vissa" og "hæfileg bókhaldskerfi" í (2.) grein undirkafla þessa skjals, að ætlast er til að eins vel sé gengið til verka og varkárir stjórnendur fyrirtækja höguðu sínum eigin persónulegu (fjár)málum.

\* \* \*

**78dd- [30.A kafli reglugerðarinnar "Um Verðbréfasöfn og Miðlun" frá árinu 1934].**

**Óréttmætir viðskiptahættir útgefenda verðbréfasafna á erlendum vettvangi.**

**(a) Boð og Bönn**

Þeim sem gefur út verðbréfasöfn sem eru skráð samkvæmt 87I kafla þessa skjals, eða þeim sem er gert að leggja fram skýrslur samkvæmt 78o kafla þessa skjals, þeim stjórnendum, starfmönnum eða umboðsmönnum sem sjá um viðskipti útgefanda verðbréfasafna eða eiganda verðbréfa á vegum útgefenda þeirra, mega ekki brjóta millifylkjalög sem m.a. segja fyrir um ólöglegar póstsendingar, ólöglegar rafrænar peningasendingar, samgöngur í ólöglegum tilgangi, peningabvott og svikul viðskipti með verðbréfasöfn, í þeim tilgangi að lofa fjárgreiðslum, eða segjast hafa heimild til að inna ótakmarkaðar fjárgreiðslur af hendi, ásamt því að gera tilboð, gefa gjafir, lofa að gefa gjafir eða segjast hafa heimild til að gefa nokkurn nokkurn hlut sem er einhvers virði--

(1) erlendum stjórnarerindreka í þeim ásetningi að--

(A) (i) hafa áhrif á gerðir og ákvarðanatökur erlends stjórnarerindreka í opinberu starfi hans (ii) hvetja erlendan stjórnarerindreka sem er til gera eitthvað eða láta eitthvað ógert sem ólöglega og gengur þvert á opinberar skyldur hans, eða (iii) að ávinna sér óviðeigandi ívilnun hjá honum eða,

(B) hvetja erlendan stjórnarerindreka til að beita áhrifum sínum innan erlendar ríkisstjórnar eða á valdsvið í slíkri ríkisstjórn með það að marki að hafa áhrif á aðgerðir og ákvarðanatökur ríkisstjórnarinnar eða valdsviða innan hennar, í þeim tilgangi að öðlast viðskipti, viðhalda viðskiptum á eigin vegum eða koma á viðskiptum fyrir hönd annara aðila.

(2) til stjórnmalaflokks, flokksleiðtoga hans eða frambjóðenda erlendis stjórnmalaflokks í þeim ásetningi að--

(A) (i) hafa áhrif á gerðir eða ákvarðanatökur stjórnmalaflokksins, flokksleiðtoga hans, (ii) hvetja forustu stjórnmalaflokksins, flokksleiðtoga hans, eða frambjóðenda flokksins til að láta eitthvað gert eða ógert sem gengur þvert á lögboðnar skyldur flokksins, leiðtoga hans eða frambjóðenda (iii) verða sér út um óviðeigandi ívilnun, eða

(B) hvetja stjórnmalaflokkinn, leiðtoga hans eða frambjóðenda til beita áhrifum innan erlendar ríkisstjórnar eða valdhafa hennar með það að markmiði að hafa áhrif á gerðir og ákvarðanatökur hennar eða valsviða hennar, með það fyrir augum að verða sér út um viðskipti eða koma á viðskiptum fyrir aðra, eða,

(3) hverjum sem er, vitandi að allt fjármagnið eða hluti þess muni renna til, verða lofað beint eða óbeint erlendum stjórnarerindrekum, erlendum stjórnmalaflokki eða leiðtoga hans, eða erlendum frambjóðenda til pólitískrar stöðu, með það að markmiði að--

(A) (i) hafa áhrif á gerðir eða ákvarðanir erlends stjórnarerindreka, stjórnmalaflokks, leiðtoga hans eða frambjóðenda í krafti sinnar pólitísku stöðu (ii) hvetja erlendan stjórnmalaeindrekan, stjórnmalaflokk, leiðtoga hans eða frambjóðenda til að láta eitthvað gert eða ógert sem gengur þvert á lögboðnar skyldur erlenda stjórnarerindrekans stjórnmalaflokksins, leiðtoga hans eða frambjóðenda (iii) verða sér út um óviðeigandi ívilnun, eða,

(B) hvetja erlendan stjórnarerindreka, stjórnmalaflokki, leiðtoga hans eða frambjóðenda til að beita áhrifum innan erlendar ríkisstjórnar eða valdsviða hennar, með það að markmiði að hafa áhrif á gerðir og ákvarðanatökur hennar eða valdsviða innan hennar, með það fyrir augum að verða sér út um viðskipti eða koma á viðskiptum fyrir aðra.

#### **(b) Undantekningar á reglubundnum skyldum stjórnarerindreka**

Lög undirkafla (a) og (g) þessa kafla koma ekki í veg fyrir að aðstoða megi við greiðslu til, eða greiða megi erlendum stjórnarerindreka, pólitískum stjórnmalaflokki, eða leiðtoga hans, svo lengi sem það er gert á þágu reglubundinnar opinberrar ríkisstarfssemi þeirra.

#### **(c) Réttlæt看leg frávik frá lögum og reglum**

Heimilt er að fara framhjá lögum og reglum undirkaflakafla (a) eða (g) ef erftirfarandi á við--

(1) Fjárgreiðsla, gjöf, tilboð af hvaða tagi sem er, eða loforð um ívilnun, samræmist settum lögum og reglum heimalands erlenda stjórnarerindrekans, stjórnmalaflokksins, stjórnenda hans, eða frambjóðenda eða,

(2) Fjárgeiðsla, gjöf, eða loforð um eitthvað sem hefur verðgildi, falla innan eðlilegra marka vegna ferða- og gisti útgjalda sem sannreynt er að erlendur stjórnarereindreki, flokkur, stjórnmalaleiðtogi eða frambjóðandi þarf að greiða fyrir, en þarf þó að vera beintengt:

(A) Kynningu eða sýningu á vörum eða þjónustu, eða útskýringu á vörum eða þjónustu eða;

(B) Framfylgingu eða útkomu samnings við erlenda ríkisstjórn eða embætta innan hennar.

#### **(d) Leiðbeingarreglur Dómsmálaráðherra**

Ekki síðar en einu ári eftir 23. ágúst 1988, eftir að hafa fundað með eftirlitsnefnd verðbréfasafna, viðskiptaráðherra, viðskiptamálafulltrúa Bandaríkjanna, utanríkisráðherra (Secretary of State) og fjármálaráðherra og að fengnum skoðunum allra sem kynna sér málið sem er auglýst á opinberum vettvangi, skal dómsmálaráðherra kveða upp að hvaða marki hann telur hlýðni við reglur þessa kafla geti aukist og hvernig megi frekar styðja við bakið á viðskiptalífínu með því að skilgreina frekar reglurnar á undan þessum kafla, og eftir ígrundun ef nauðsynlegt reynist og er viðeigandi, senda frá sér:

(1) leiðbeiningarreglur varðandi viðskiptahætti í algengum útflutningsviðskiptum sem heyra undir lög dómsmálaráðuneytisins og samræmast ákvæðum reglugerða sem koma á undan þessum kafla og;

(2) verklag við almennar varúðaraðgerðir sem útgefendur verðbréfasafna geta notfært sér til að betur samræmast stefnu dómsmálaráðuneytisins með tilliti til ákvæða sem koma á undan þessum kafla.

Dómsmálaráðherra skal senda frá sér umræddar leiðbeiningareglur og verklagsreglur sem setningin hér að ofan á við, í samræmi við ákvæði undirkafla II, 5. kafla, 5. lagaboðs og skulu þessar leiðbeiningareglur og verklagsreglur lúta ákvæðum 7. kafla sama lagaboðs.

#### **(e) Lagalegar ályktanir Dómsmálaráðherra Bandaríkjanna.**

(1) Eftir að hafa fundað með viðeigandi ráðuneytum og embættum (innan alríkisstjórnarinnar) og að fengnum skoðunum allra sem kynna sér málið sem er auglýst á opinberum vettvangi, skal dómsmálaráðherra setja verklagsreglur sem miða að því að svara ákvæðnum fyrirspurnum útgefenda verðbréfasafna, um hvernig viðskiptahættir þeirra megi samræmast ákvæðum dómsmálaráðuneytisins með tilliti til ákvæða sem koma á undan þessum kafla. Dómsmálaráðherra mun svara slíkum fyrirspurnum innan 30 daga og gefa frá sér ályktun varðandi fyrirspurnirnar sem segja til um hvort ákvæðir viðskiptahættir stangist á við lagaleg ákvæði dómsmálaráðuneytisins með tilliti til ákvæða sem kom á undan þessum kafla. Að auki má biðla til dómsmálaráðherra um að

hann skeri úr um hvort aðrir viðskiptahættir sem ekki hefur verið minnst á í fyrri fyrirspurnum, standist lög og reglur dómsmálaráðuneytisins. Ef dómsmál rís vegna meintra brota á greinum þessa kafla mun viðeigandi héraðsdómur taka mið af því ef dómsmálaráðherra hefur áður sagt í svari við fyrirspurn, að viðskiptahættir umrædds útgefanda sem stefnt er, stangist ekki á við lög og reglur dómsmálaráðuneytisins, og væru í samræmi við þau ákvæði sem koma á undan þessum kafla, telst umræddur útgefandi verðbréfasafna ekki hafa brotið lög. Hinsvegar, til nánari skýringa, ef sterk sönnunargögn benda til annars, skal héraðsdómur taka til greina öll málgögn, þar á meðal þau gögn sem sent voru dómsmálaráðherra til meðferðar, með tilliti til hversu hversu nákvæmlega þau voru endanlega unnin og hvort þau séu efnislega skyld stefnumálinu. Samkvæmt undirkafla II, 5. kafla 5. lagaboðs, líkt og þessi málgrein kallar á, skal Dómsmálaráðherra koma á verklagi sem lúta ákvæðum 7. kafla sama lagaboðs.

(2) Öll skjöl útgefanda verðbréfasafna sem tengjast beiðni hans, og lúta verklagi (1.) greinar, sem eru móttekin, berast til, eða útbúin í dómsmálaráðuneytinu, og á þetta einnig við um öll embætti og deildir innan alríkisstjórnarinnar, skulu samkvæmt 552. kafla 5. lagaboðs, ekki gerð opinber og skulu ekki birt án yfirlýsts leyfis umrædds útgefanda verðbréfasafna, burt séð hvort dómsmálaráðherra svarar umræddri fyrirspurn eða ef útgefandi verðbréfasafna afturkallar fyrirspurnina áður en henni er svarað.

(3) Ef dómsmálaráðherra berst fyrirspurn frá ákveðnum útgefanda verðbréfasakjala samkvæmt (1.) grein og sá hin sami ákveður að draga hana til baka áður en dómsmálaráðherra tekur hana fyrir, er honum það heimilt. Þegar slíkt gerist fellur beiðnin niður og verður marklaus.

(4) Eins og mögulega unnt er, með tilliti til ákvæða sem koma á undan þessum kafla, skal dómsmálaráðherra veita hugsanlegum vöruútflytjendum og eigendum smærri fyrirtækja tímanlega ráðgjöf varðandi lög og reglur dómsmálaráðuneytisins með tilliti til ákvæða sem koma á undan þessum kafla, enda hafi þessir aðilar ekki aðgang að sérstakri ráðgjöf varðandi þau ákvæði. Líkt og (1.) grein gerir ráð fyrir, mun sú ráðgjöf skorðast við svör við fyrirspurnum um hvernig betur megi aðlagast lögum og reglum dómsmálaráðuneytisins, ásamt almennum skýringum á lögábyrgð ákvæða sem koma fram á undan þessum kafla.

## **(f) Skilgreiningar**

Til frekari skilgreiningar þessa kafla:

- (1) A) "Erlendur stjórnarerindreki" skilgreinist sem embættismaður eða starfsmaður erlendar ríkisstjórnar, sá sem vinnur með embættum, deildum eða valdsviða innan hennar eða sá sem vinnur með opinberum alþjóðlegum stofnunum, embættum, deildum eða valdsviða innan þeirra.  
B) Til skilgreiningar undirmálgreinar (A), þá skilgreinist "opinber alþjóðleg stofnun" sem--
  - (i) stofnun sem framkvæmdavald forsetaembættisins hefur tilnefnt sem slíka samkvæmt 1. kafla "Viðurkenndar Alþjóðleglega Stofnanir"

greinargerð (22 U.S.C. § 288); (International Organization Immunities Act), eða

(ii) allar aðrar alþjóðlegar stofnanir sem löglegar teljast þegar forsetinn með framkvæmdavaldi forseta tilnefnir þær sem slíkar og til nánari skýringar taka tilnefningarnar gildi þegar þær birtast í alríkisráðgjafi.

(2) (A) Samkvæmt lögum telst einstaklingur meðvitaður um ákveðna hegðun, kringumstæður og útkomur ef:

(i) hann býr yfir vitneskju um athæfi einhvers og aðstæður tengdar því, veit af ákveðnum aðstæðum, eða ef hann veit með talsverðri vissu að ákveðin útkoma vegna slíkra aðstæðna eiga eftir að koma í ljós, eða

(ii) einstaklingurinn trúir sterklega að ákveðnar aðstæður liggi fyrir, eða er talsvert viss um að ákveðin útkoma vegna slíkra aðstæðna eiga eftir að koma í ljós.

(B) Aðeins er hægt að sækja mál fyrir dómi ef sýnt þykir að meintur lögbrjótur búi yfir vitneskju um ákveðnar aðstæður, en ef aðilinn telst búa yfir vitneskju um að mjög miklar líkur séu á að lög hafi verið brotin er slíkt kærúvert, ekki nema aðilinn telji að umræddar aðstæður séu alls ekki fyrir hendi.

(3) (A) Skilgreining á "reglubundnum vinnubrögðum opinberra starfsmanna" takmarkast við það sem aðeins getur talist eðlileg vinnubrögð erlends embættismanns við:

(i) að nálgast leyfi fyrir, veita skírteini, eða láta í té opinber skjöl sem eru nauðsynleg þeim sem ætlar að stofna til erlendra viðskipta.

(ii) að útbúa opinber gögn eins og landvistaleyfi og atvinnuleyfi.

(iii) að útvega lögregluvernd, senda og ná í póst, skipuleggja skoðanir á förmum sem lúta samningum um sendingar á förmum á milli landshluta.

(iv) að veita símaþjónustu, rafmagn og vatn, skipuleggja lestun og affermingu farma eða koma í veg fyrir að viðkvæmar vörur skemmist ekki eða,

(v) að aðstoða við álíka verkefni.

(B) Skilgreining á "reglubundnum vinnubrögðum opinberra starfsmanna" á ekki við neina ákvörðun erlenda stjórnarereindrekans um hvort, eða undir hvaða skilmálum, á að veita tilteknum aðila ný viðskipti eða viðhalda viðskiptum við tiltekinn aðila, eða neina aðgerð erlenda stjórnarereindrekans sem tekur þátt í ákvarðanabraut til að hvetja að ákvörðun sé tekin til að veita tilteknum aðila ný viðskipti eða viðhalda viðskiptum við tiltekinn aðila.

**(g) Umsvif lögsögu erlendis**

(1) Þeim sem gefur út verðbréfasöfn sem eru skráð í 12. kafla þessa lagaboðs, og heyra undir bandarísk lög, fylkisslög, lög yferráðasvæða, lög eignarsvæða, lög samyferráðasvæða eða lög pólitískra sjálfstjórnarsvæða Bandaríkjanna - eða þeim sem ber að leggja fram skýrslugerðir samkvæmt 15d kafla þessa lagaboðs, ásamt bandarískum stjórnendum, yfirmönnum, starfsmönnum, eða eigenda verðbréfaskjala, er óréttmætt utan landamæra Bandaríkjanna, að beita mútum með greiðslum, lofa að inna af hendi greiðslur, leggja fram heimild um fjárgreiðslur eða gera tilboð, gefa gjöf, lofa að gefa gjöf, eða heimila gjöf sem er einhvers virði til þess aðila sem málsgreinar (1.) (2.) og (3.) undirkafla (a) þessa kafla gera grein fyrir. Þá gildir einu hvort umræddur útgefandi verðbréfasafna, stjórnandi, yfirmaður, starfsmaður eða umboðsmaður gerir slíkt með millifylkja- og millilanda viðskiptum, eða kemur slíku til leiðar, með póstsendingum, rafrænum peningasendingum, eða hverskonar samgönguháttum á milli fylkja og landa, í þeim tilgangi að gera einhverjum tilboð, borga, lofa að inna af henni greiðslu, leggja fram heimild um fjárgreiðslu, gera tilboð, gefa gjöf, lofa að gefa gjöf, eða heimila gjöf að hvaða verðmæti sem er, hvaða aðila sem er.

(2) Til frekari skilgreiningar þessa kafla, telst "sá sem heyrir undir bandarísk lög (United States Person), vera bandarískur ríkissborgari samkvæmt 101. (8 U.S. C. § 11001) kafla útlendingastofnunar, sem og öll fyriræki, samstarfssfélög, hlutafélög, einkafélög um eignir, sameignarhlutafélög, einkafyrirtæki, sem heyra undir bandarísk lög, lög sjálfstjórnarþjóða, yferráðasvæða, eða samyferráðasvæða, allra sjálfstjórnarsvæða Bandaríkjanna.

## **r§78dd – 2. Óréttmætir viðskiptahættir bandaríska fyrirtækja við erlenda aðila.**

### **(a) Boð og bönn.**

Öllum aðilum eða fyrirtækjum sem heyra undir bandarísk lög, þ.á.m. stjórnendum, yfirmönnum, starfsmönnum, eða umboðmönnum þeirra, að undanskildum eigendum verðbréfasafna sem lúta reglugerð 78d-1 þessa lagaboðs, er óheimilt að bjóðast til að borga, lofa að borga, eða veita leyfi fyrir gjöfum af hvaða verðmæti sem er:

(1) erlendum stjórnarerindrekum, með eftirfarandi í huga--

(A) (i) að hafa áhrif á gerðir og ákvarðanir slíks stjórnarerindreka í opinberu starfi hans (ii) hvetja erlendan stjórnarerindreka til að sjá um fingur sér eða framkvæma eitthvað ákveðið í krafti opinberar stöðu sinnar (iii) verða sér út um óviðeigandi hlunnindi og tækifæri hjá honum

(B) hvetja erlendan stjórnarerindreka til að beita áhrifum sínum innan erlendar ríkisstjórnar eða valdsviða hennar með fyrir augum að hafa áhrif á gerðir og ákvarðanir hennar og einning með það að sjónarmiði að verða sér út um viðskipti, viðhalda viðskiptum eða koma á viðskiptum fyrir aðra.

(2) erlendum stjórnsmálaflokki, manns í stjórnarstöðu innan hans, eða hvaða stjórnsmálaframbjóðenda með í huga að--



(A) (i) beita áhrifum hans á gerðir flokksins, leiðtoga hans í starfi fyrir flokkinn, stjórnendur, eða frambjóðenda, varðandi ákvarðanatökur og gerðir (ii) Hvetja til að flokkurinn, leiðtogi hans, eða frambjóðandi framkvæmi hluti eða láti hluti ógerða sem stangast á við lagalegar skyldur þeirra. (iii) verða sér út um óviðeigandi ívilnanir eða:

(B) hvetja flokkinn, stjórnendur hans eða frambjóðenda til að beita áhrifum á ákvarðaðanir erlendra ríkisstjórnar eða valdsviða hennar svo að aðilinn sem lýtur að bandarískum lögum geti orðir sér eða öðrum út um viðskipti.

(3) Þeim sem er meðvitaður um að beinar eða óbeinar fjárgreiðslur eða hluti af fjárgreiðslu, ásamt hverju sem ber fjárhagslegt gildi, mun renna til erlends stjórnarerindreka, erlends stjórnáaflokks, eða leiðtoga hans eða til erlends stjórnáafloframbjóðenda, í þeim tilgangi að--

(A) (i) Að hvetja erlendan stjórnarerindreka, flokksleiðtoga, frambjóðenda í krafti stöðu sinnar (ii) til að sjá um fingur sér eða framkvæma eitthvað í krafti stöðu sinnar sem stangast á við lagalegar skyldur hans. Þetta á eining við um alla stjórnáaflokka , flokksleiðtoga, eða frambjóðendur (iii) verða sér út um óviðeigandi hlunnindi og tækifæri, eða

(B) Hvetja erlendan stjórnarerindreka, fulltrúa stjórnáaflokks, leiðtoga hans eða frambjóðenda til að beita áhrifum innan erlendra ríkisstjórnar, eða valdsviða hennar í þeim tilgangi að hafa áhrif á gerðir eða ákvarðanir þeirra, með það að sjónarmiði að verða sér út um viðskipti, viðhalda viðskiptum eða koma á viðskiptum fyrir aðra.

### **(b) Undantekningar á reglum er varða eðlileg störf erlendra opinberra embættismanna.**

Ekki er refsivert að að koma á eða flýta fyrir greiðslum til erlends stjórnarerindreka, stjórnáaflokks, eða leiðtoga innan stjórnáaflokks, í þeim tilgangi að flýta eða tryggja eðlileg störf erlendra opinberra embættismanna, svo lengi sem slíkt telst löglegt samkvæmt (a) og (i) undirköflum þess kafla.

### **(c) Rréttlætanleg frávik frá lögum**

Frávik frá lögum undirkafla (a) eða (i) eru réttlætanleg ef--

(1) greiðslan, gjöfin, tilboðið, eða hvaða verðmæti sem er boðið telst löglegt athæfi samkvæmt lögum og reglugerðum þess lands sem erlendi stjórnarerindrekinn, stjórnáaflokkurinn, leiðtogi stjórnáaflokksins, eða frambjóðandinn tilheyrir; eða

(2) greiðslan, gjöfin, tilboðið, eða loforð um einhver verðmæti sem erlendi stjórnarerindrekinn hlýtur, telst eðlileg og er notuð til að greiða fyrir staðfest ferðaútgjöld og gistingu, og er beinlínis tengt:

(A) kynningu, sýningu, eða vörumarkaðsátaki eða þjónustu, eða

(B) vegna sammings sem enn er í gildi við erlenda ríkisstjórn eða embætta hennar.

#### **(d) Lögbönn**

(1) Þegar dómsmálaráðherra, ályktar að aðili sem lýtur bandarískum lögum, svo sem og stjórnarmaður, yfirmaður, eða sá sem á hlutabréf í fyrirtæki, hefur, eða er að fara að brjóta reglur kafla (a) eða (i) þess kafla, getur hann að ígrunduðu máli lagt fram kæru til viðeigandi héraðsdóms Bandaríkjanna til að fá meint brotaferli stöðvað og lagt fram kærumsásvik með það fyrir augum að fá aðilann dæmdan fyrir brotið eða fá tímabundinn dóm felldan án þess að meintur brotaaðili geti lagt fram tryggingafé sér til lausnar.

(2) vegna málsrannsóknna varðandi brota á þessum kafla, hefur dómsmálaráðherra eða einhver að undirlagi hans valdsvið til að yfirheyra fólk, láta það sverja dómseið varðandi vitnisburði og staðfestingar, ásamt því að krefjast bókhalda, pappíra eða annarra skjala sem ráðherrann telur að tengist rannsóknum sínum. Krafist getur verið að vitni mæti í skýrslutökum hvar sem er í Bandaríkjunum, til landsvæða þess, eignarsvæða eða samyfirráðasvæða Bandaríkjanna, sem og afhendi gögn og skjöl til þessara landsvæða.

(3) Ef dómur hefur fallið svo að leggja þurfi dómsmálaráðaneytinu gögn í té, en hinn seki hundsar dóminn, getur dómsmálaráðherra, svo krafist megi vitna, vitnisburða, gagna, bóhaldsskýrslna, pappíra eða annarra skjala, leitað réttar síns hjá hvaða héraðsdómi sem málaferlið heyrir undir, eða á þeim stað sem aðilinn býr eða stundar viðskipti. Héraðsdómur getur dæmt umræddan aðila til að mæta fyrir dómsmálaráðherra eða hjá hans umboðsaðila og sýna fram á skjöl ef þess er krafist, eða bera vitni varðandi málið sem sætir rannsókn. Ef aðilinn hunsar þann dóm, getur héraðsdómur dæmt aðilann enn frekar fyrir slíkt.

Öllum málsferlum varðandi svona tilfelli má víkja til héraðsdóms þess umdæmis þar sem umræddur brotaaðili býr eða finnst. Ef dómur hlýst þar, getur dómsmálaráðherra, ef nauðsynlegt og viðeigandi þykir, notað og tengt þann dómsuppskurð öðrum rannsóknum á brotum til að framfylgja megi lögum og reglum þessa undirkafla.

#### **(e) Leiðbeingjarreglur dómsmálaráðherra**

Ekki síðar en 6 mánuðum eftir 23. Ágúst 1988, eftir að hafa fundað með eftirlitsnefnd verðbréfasafna, Viðskiptaráðherra, Viðskiptamálafulltrúa Bandaríkjanna, Forsætisráðherra (Secretary of State) og Fjármálaráðherra og fengnum skoðunum allra sem kynna sér málið sem er auglýst á opinberum vettvangi, skal dómsmálaráðherra kveða upp að hvaða marki hann telur að hlýðni við þessar reglur geti aukist og hvernig frekar megi styðja við bakið á viðskiptalífínu með því að skilgreina frekar ofangreindar reglur þessa kafla, og eftir ígrundun ef nauðsynlegt reynist og er viðeigandi, senda frá sér:

(1) leiðbeingareglur varðandi viðskiptahætti og viðskiptasiðferði í algengum söluvöruútlutningsviðskiptum sem dómsmálaráðuneytið telur heyra undir sig, og teljast samræmast ofangreindum ákvæðum þessa kafla og

(2) gögn um almennar varúðaraðgerðir sem útgefendur verðbréfasafna geta notfært sér til að betur samræmast stefnu dómsmálaráðuneytisins með tilliti til ofangreindra ákvæða þessa kafla.

Í samræmi við ákvæði undirkafla II, 5. kafla, 5. titils sama kafla, skal dómsmálaráðherra senda frá sér leiðbeininga- og verklagsreglur sem ofangreind setning fjallar um, og skulu þessar leiðbeinigareglur og verklagsreglur lúta ákvæðum 7. kafla þess lagaboðs.

#### **(f) Lagalegar ályktanir dómsmálaráðherra Bandaríkjanna.**

(1) Eftir að hafa fundað með viðeigandi ráðuneytum og embættum (innan bandarísku alríkisstjórnarinnar) og að fengnum skoðunum allra sem kynna sér málið sem er auglýst á opinberum vettvangi, skal dómsmálaráðherra setja verklagsreglur sem miða að því að svara fyrirspurnum útgefendum verðbréfasafna um hvernig viðskiptahættir þeirra megi samræmast ákvæðum dómsmálaráðuneytisins með tilliti til ofangreindra ákvæða þessa kafla. Dómsmálaráðherra mun svara slíkum fyrirspurnum innan 30 daga og gefa frá sér ályktun varðandi fyrirspurnirnar sem fela í sér hvort ákveðnir viðskiptahættir stangist á við lagaleg ákvæði dómsmálaráðuneytisins með tilliti til ofangreindra ákvæða þessa kafla. Að auki má biðla til dómsmálaráðherra um að hann skeri úr um hvort aðrir viðskiptahættir sem ekki hafa verið nefndir í fyrri fyrirspurnum, standist ákvæði dómsmálaráðuneytisins. Ef dómsmál rís vegna meintra brota á greinum þessara kafla mun héraðsdómur taka mið af því ef dómsmálaráðherra hefur áður talið að viðskiptahættir umrædds útgefanda sem stefnt er, stangist ekki á við lög og reglur dómsmálaráðuneytisins, og í svari við fyrirspurn hefði útkljáð að væru í samræmi við ofangreind ákvæði þessa kafla, telst umræddur útgefandi verðbréfasafna ekki hafa brotið lög. Ef sterk sönnunargögn benda til annars, skal héraðsdómur taka til greina öll málgögn þar á meðal þau gögn sem sent voru dómsmálaráðherra til meðferðar og með tilliti til hversu hversu nákvæmlega þau voru endanlega unnin og hvort þau séu efnislega skyld stefnumálinu sem er fyrir dómi. Eins og þessi málsgrein kallar á, líkt og undirkafla II, 5. kafla 5. lagaboðs segir til, - mun dómsmálaráðherra koma á verklagi sem lúta ákvæðum 7. kafla þess lagaboðs.

(2) Skjöl eða önnur gögn sem tengjast útgefanda verðbréfasafnasafna í sambandi við beiðnir þeirra sem berast til, eða eru móttækin eða útbúin í dómsmálaráðuneytinu og sama gildir um önnur ráðuneyti og embætti, samkvæmt (1.) grein, skulu ekki gerð opinber samkvæmt 552. kafla 5. lagaboðs og skulu ekki án leyfis umrædds útgefanda verðbréfasafna verða opinberlega birt, hvort sem dómsmálaráðherra svarar umræddri fyrirspurn eða ef útgefandi verðbréfasafna afturkallar fyrirspurnina áður en henni er svarað.

(3) Ef dómsmálaráðherra berst fyrirspurn frá ákvæðnum útgefanda verðbréfasjóna samkvæmt (1) grein og sá hinn sami ákvæður að draga hana til baka áður en ráðherrann tekur hana fyrir, er honum það heimilt. Þegar slíkt gerist fellur beiðnin niður og verður marklaus.

(4) Eins og mögulega er unnt, samkvæmt ofangreindum ákvæðum þessa kafla, skal dómsmálaráðherra veita hugsanlegum útflytjendum og eigendum smærri fyrirtækja tímanlega ráðgjöf varðandi lög og reglur dómsmálaráðuneytisins hvað varðar ofangreind ákvæði þessa kafla, enda hafi þessir aðilar ekki aðgang að sérstakri ráðgjöf varðandi þau ákvæði.

### **(g) Sektir**

(1) (A) Fyrirtæki, eða stofnanir sem lúta bandarískum lögum en brjóta þau samkvæmt undirkafla (a) eða (i) þessa kafla, skulu sæta sekt allt að 2 000 000 dollurum.

(B) Ef fyrirtæki, eða stofnanir sem lúta bandarískum lögum og brjóta reglugerðir undirkafla (a) eða (i), mun dómsmálaráðherra að hálfu hins opinbera fara fram á að brotaaðili greiði sekt sem getur numið allt að 10 000 dollurum.

(2) (A) Stjórnandi, yfirmaður, starfsmaður eða umboðsmaður fyrirtækis sem heyrir undir bandarísk lög, og einnig umboðsmaður eða hlutabréfaeigandi sem fara með málefni fyrirtækis eða stofnunar sem heyrir undir bandarísk lög, sem viljandi brýtur reglugerðir (a) eða (i) undirkafla þessa kafla, skal sæta sekt sem getur numið allt að 100 000 dollurum eða hlotið allt að 5 ára fangelsisdóm, eða sætt hvort tveggja sektinni og fangelsisdómnum.

(B) Stjórnandi, yfirmaður, starfsmaður eða umboðsmaður fyrirtækis sem heyrir undir bandarísk lög, og einnig umboðsmaður eða hlutabréfaeigandi sem fara með málefni fyrirtækis eða stofnunar sem heyrir undir bandarísk lög, sem viljandi brýtur reglugerðir (a) eða (i) undirkafla þessa kafla, mun dómsmálaráðherra að hálfu hins opinbera fara fram á að brotaaðili greiði sekt sem getur numið allt að 10 000 dollurum. Samkvæmt skilgreiningu laga er hér átt við manneskjur, ekki fyrirtæki eða stofnanir.

(3) Þegar yfirstjórnandi, yfirmaður, starfsmaður, umboðsaðili eða verðbréfaeigandi í fyrirtæki sætir sekt vegna brots á (2.) grein, er fyrirtækinu óheimilt að greiða slíka sekt.

### **(h) Skilgreiningar**

Til skilgreiningar þessa kafla:

(1) Til frekari útskýringar eru "aðilar og fyrirtæki sem heyra undir bandarísk lög"  
(Domestic Concern) nánartiltekið skilgreind sem--

(A) bandarískur ríkisborgari, sá er sem frá Bandaríkjunum, eða býr í Bandaríkjunum og,

(B) öll fyrirtæki, samstarf, hlutafélag, sameiginlegt hlutafélag, eignafélag, einkafyrirtæki sem sem starfa að mestu leyti í Bandaríkjunum og lúta bandarískum lögum, eða lögum yfirráðasvæða, eignarsvæða, eða þjóða í stjórnarsamfélagi sem Bandaríkin eru hluti af.  
(Commonwealth)

(2) (A) "Erlendur stjórnarerindreki" skilgreinist sem embættismaður, starfsmaður eða valdsvið erlendrar ríkisstjórnar og opinberrar erlendrar stofnunar, eða sá sem á í samvinnu við embætti eða deildir eða innan erlendrar ríkisstjórnar eða opinberrar erlendrar stofnunar.

(B) Til nánari skilgreiningar undirmálgreinar (A) er:

(i) "opinber erlend stofnun" tilnefnd sem slík, þegar forsetinn, samkvæmt sérstöku umboði forsetaembættisins 1. kafla (22 U.S.C. § 288), lýsir því yfir samkvæmt lögum um viðurkenndar erlendar stofnanir

(ii) "opinber erlend stofnun", allar aðrar erlendar stofnanir sem forsetinn tilnefnir samkvæmt sérstöku umboði forsetaembættisins og teljast lögildar þann dag sem lögin eru opinberlega birt í (bandarísku) alríkisskránni (The Federal Register).

(3) (A) Samkvæmt lögum telst einstaklingur meðvitaður um athæfi, aðstæður eða útkomur ef--

(i) hann býr yfir vitneskju um athæfi einhvers og aðstæður tengdar því, veit af ákveðnum aðstæðum, eða ef hann veit með talsverðri vissu að ákveðin útkoma vegna slíkra aðstæðna eiga eftir að koma í ljós, eða

(ii) einstaklingurinn að trúir sterklega að ákveðnar aðstæður liggi fyrir, eða er talsvert viss um að ákveðin útkoma vegna slíkra aðstæðna eiga eftir að koma í ljós.

(B) Aðeins er hægt að sækja mál fyrir dómi ef sýnt þykir að meintur lögbrjótur búi yfir vitneskju um ákveðnar aðstæður, en ef aðilinn telst búa yfir vitneskju um að mjög miklar líkur séu á að lög hafi verið brotin er slíkt kærúvert, nema aðilinn telji að umræddar aðstæður séu alls ekki fyrir hendi.

(4) (A) "Reglubundin störf opinbers starfsmanns" skilgreinast sem eingöngu það sem getur talist eðlileg vinnubrögð erlendra stjórnarerindreka, líkt og:

(i) að nálgast leyfi, skýrteini, eða önnur opinber skjöl sem eru nauðsynleg hverjum þeim sem ætlar í erlend viðskipti;

(ii) að útbúa opinber gögn eins og landvistarleyfi og atvinuleyfi;

(iii) að útvega lögregluvernd, veita viðtöku pósts og senda póst eða skipuleggja skoðanir á förmum vegna samninga og skoðana á förmum á milli landshluta;

(iv) að veita símaþjónustu, rafmagn, vatn, lestun og affermun farma eða koma í veg fyrir að viðkvæmar vörur skemmist ekki eða;

(v) að veita aðstoð með svipuðum hætti.

(B) Ákvörðun um að gera viðskiptasamning við einhvern aðila, framlengja samning, eða ákveða hvaða skilmálar skulu lúta þeim samning, sem og taka þátt í ákvarðanatökum eða hvetja til að samningar skuli gerðir við einhvern, eða að samningur skuli framlengdur, telst ekki heyra til reglubundinna og eðlilegra starfa opinberra stjórnarereindreka.

(5) Samkvæmt lögum skilgreinast "millifylkja- og millilanda viðskipti" (interstate commerce) sem verslun, samgöngur eða samskipti á meðal margra fylkja eða á milli landa og sjálfstæðra þjóða, sem og á milli hvaða staða eða skipa staðsett utan þessara þjóða og viðskiptin tengjast eftirfarandi--

(A) notkun síma, eða öðrum millifylkja- og millilanda samskiptamátum, eða

(B) opinberum embættismanni eða opinberu valdsviði.

### **(i) Umsvif bandarískrar lögsögu erlendis**

(1) Þeim sem heyra undir bandarísk lög er ólöglegt að gera nokkuð eins og að greiða, lofa að inna af henni greiðslur, leggja fram heimild um fjárgreiðslur, eða gera tilboð, lofa að gefa gjöf, eða heimila gjöf sem er einhvers virði, öllum aðilum, sem setningar (1) (2) og (3) undirkafla (a) segja til um. Til nánari skilgreiningar telst slíkt mútur og gildir einu hvort umræddur aðili sem lýtur bandarískum lögum gerir slíkt í gegnum millifylkja- og millilanda viðskipti, eða kemur slíku til leiðar, með póstsendingum, rafrænum peningasendingum, eða hverskonar samgönguháttum á milli fylkja og landa, í þeim tilgangi að gera tilboð, gefa gjöf, inna af henni greiðslu, eða heimila gjöf.

(2) Eins og þessi undirkafla skilgreinir, telst "þeim sem heyrir undir bandarísk lög" (United States Person), vera sá sem telst bandarískur ríkisborgari samkvæmt 101. (8 U.S. C. § 11001) kafla útlendingastofnunar, sem og öll fyrirtæki, samstarf, hlutafélag, sameiginlegt hlutafélag, eignafélag, einkafyrirtæki sem lúta bandarískum lögum, eða lögum yfirráðasvæða, eignarsvæða, sjálfstjórnar landsvæðum eða þjóða í stjórnarsamfélagi sem Bandaríkin eru hluti af (Commonwealth).

**§ 78dd-3. Bönnuð sala og miðlun á erlendum vettvangi, að undanskyldum útgefendum verðbréfasafna og þeim sem lúta lögnum "aðilar og fyrirtæki sem heyra undir bandarísk lög"**

**(a) Boð og bönn.**

Að undanskildum útgefendum verðbréfasafna sem lúta að reglum 30A kafla "Viðskipti og miðlun með verðbréfasöfn frá 1934" er öllum aðilum og fyrirtækjum innan bandarískra landsvæða og heyra undir bandarísk lög, samkvæmt "aðilar og fyrirtæki sem heyra undir Bandarísk lög" lögnum, eins og skilgreint er í 104 kafla þessa rits, svo sem stjórnendum, starfsmönnum, eða umboðmönnum þeirra, ásamt hlutabréfaeigendum á þeirra vegum, ólöglegt að koma mútum til leiðar með millifylkja- og millilanda viðskiptum, með póstsendingum, rafrænum peningasendingum, eða hverskonar samgönguháttum á milli fylkja og landa, að bjóða nokkurn hlut sem og að greiða, lofa að inna af henni greiðslur af nokkru tagi, bjóða, lofa að gefa, eða leggja fram heimild um fjárgreiðslur:

(1) til erlenda stjórnarerindrekans í þeim tilgangi að--

(A) (i) að hafa áhrif á gerðir stjórnarerindreka í opinberu starfi hans, (ii) hvetja erlendan stjórnarerindreka til að sjá um fingur sér eða framkvæma eitthvað ákveðið í krafti opinberar stöðu sinnar, (iii) verða sér út um óviðeigandi hlunnindi og tækifæri hjá honum, eða

(B) hvetja erlendan stjórnarerindreka til að beita áhrifum sínum innan erlendar ríkisstjórnar eða valdsviðs hennar með fyrir augum að hafa áhrif á gerðir og ákvarðanir þeirra, og einning með það að sjónarmiði að verða sér út um viðskipti, viðhalda viðskiptum eða koma á viðskiptum fyrir aðra;

(2) erlendum stjórnámálflokki, manns í stjórnarstöðu innan hans, eða hvaða stjórnámálaframbjóðenda með í huga að--

(A) (i) beita áhrifum á gerðir flokksins, leiðtoga hans í starfi fyrir flokkinn, stjórnendur, eða frambjóðenda, varðandi ákvarðanatökur og gerðir, (ii) hvetja til að flokkurinn, leiðtogi hans, eða frambjóðandi framkvæmi hluti eða láti ógerða hluti sem stangast á við lagalegar skyldur þeirra, (iii) verða sér út um óviðeigandi ívilnanir eða

(B) hvetja flokkinn, stjórnendur hans eða frambjóðenda til að beita áhrifum á ákvarðaðanir erlendar ríkisstjórnar eða valdsviða hennar, svo að aðilinn sem lýtur að bandarískum lögum geti orðir sér eða öðrum út um viðskipti, eða

(3) hverjum sem er, með vitneskju um að bæði beinar eða óbeinar fjárgreiðslur eða partur úr fjárgreiðslu, ásamt öllu sem ber fjárhagslegt gildi, mun renna til erlends stjórnarerindreka, erlends stjórnámálflokks, eða leiðtoga hans eða til erlends stjórnámálaframbjóðenda, í þeim tilgangi að--

(A) (i) að hvetja erlendan stjórnarereindreka, flokksleiðtoga, frambjóðenda í krafti stöðu sinnar, (ii) til að sjá um fingur sér eða framkvæma eitthvað í krafti stöðu sinnar sem stangast á við lagalegar skyldur hans. Þetta á einnig um alla stjórnmalaflokka, flokksleiðtoga, eða frambjóðendur, (iii) verða sér út um óviðeigandi hlunnindi og tækifæri, eða:

(B) hvetja erlendan stjórnarereindreka, fulltrúa stjórnmalaflokks, leiðtoga hans eða frambjóðenda, til að beita áhrifum innan erlendar ríkisstjórnar, eða valdsviða hennar,

í þeim tilgangi að hafa áhrif á gerðir eða ákvarðanir þeirra, með það að sjónarmiði að verða sér út um viðskipti, viðhalda viðskiptum eða á koma á viðskiptum fyrir aðra.

### **(b) Undantekningar á reglum er varða eðlileg störf erlendra opinberra embættismanna.**

Ekki er refsivert að koma á eða flýta fyrir greiðslum til erlends stjórnarereindreka, stjórnmalaflokks, eða leiðtoga innan stjórnmalaflokks, í þeim tilgangi að flýta eða tryggja eðlileg störf erlendra opinberra embættismanna, svo lengi sem slíkt telst löglegt samkvæmt (a) kafla

### **(c) Réttlæt看leg frávik frá lögum og reglum**

Réttlæt看legt er að fara framhá lögum og reglum undirkaflakafla (a) þessa kafla ef erftirfarandi á við--

(1) fjárgreiðsla, gjöf, tilboð af hvaða tagi sem er, eða loforð um ívilnun, samræmist settum lögum og reglum heimalands erlenda stjórnarereindrekans, stjórnmalaflokksins, stjórnenda hans, eða frambjóðenda, eða

(2) fjárgreiðsla, gjöf, eða loforð um eitthvað sem hefur verðgildi, falla innan eðlilegra marka vegna ferða- og gisti útgjalda sem sannreynt er að erlendur stjórnarereindreki, flokkur, stjórnmalaleiðtogi eða frambjóðandi þarf að greiða fyrir, en þarf þó að vera beintengt--

(A) kynningu eða sýningu á vörum eða þjónustu, eða útskýringu á vörum eða þjónustu; eða

(B) framfylgingu eða útkomu samninga við erlenda ríkisstjórn eða embætta innan hennar.

### **(d) Lögbönn**

(1) Þegar dómsmálaráðherra, ályktar að aðili sem lýtur bandarískum lögum, svo sem og stjórnarmaður, yfirmaður, eða sá sem á hlutabréf í fyrirtæki, hefur, eða er að fara að brjóta reglur kafla (a) eða þess kafla, getur hann að ígrunduðu máli lagt fram kæru til viðeigandi héraðsdóms til að fá meint brotaferli stöðvað og lagt fram kærumsásvik með



það fyrir augum að fá aðilann endalega dæmdan fyrir brotið eða fá tímabundinn dóm felldan án þess að meintur brotaaðili geti lagt fram tryggingafé sér til lausnar.

(2) Vegna málsrannsóknna varðandi brota á þessum kafla, hefur dómsmálaráðherra eða einhver að undirlagi hans valdsvið til að yfirheyra fólk, láta það sverja dómseið varðandi vitnisburði og staðfestingar, ásamt því að krefjast bókhalda, pappíra eða annarra skjala sem ráðherrann telur að tengist rannsóknum sínum. Krafist getur verið að vitni mæti í skýrslutökum hvar sem er í Bandaríkjunum, til landsvæða þess, eignarsvæða eða samyfírráðasvæða Bandaríkjanna, sem og afhendi gögn og skjöl til þessara landsvæða.

(3) Ef dómur hefur fallið svo að leggja þurfi dómsmálaráðaneytinu gögn í té, en hinn hinn seki hunsar dóminn, getur dómsmálaráðherra, svo krafist megi vitna, vitnisburða, gagna, bóhaldsskýrslna, pappíra eða annarra skjala, leitað réttar síns hjá hvaða héraðsdómi sem málaferlið heyrir undir, eða þar sem aðilinn býr eða stundar viðskipti. Héraðsdómur getur dæmt umræddan aðila til að mæta fyrir dómsmálaráðherra eða hjá hans umboðsaðilum og sýna fram á skjöl ef þess er krafist, eða bera vitni varðandi málið sem sætir rannsókn. Ef þeim dómi er hunsað, getur héraðsdómur dæmt aðilann enn frekar fyrir slíkt.

(4) Öllum málsferlum varðandi svona tilfelli má víkja til héraðsdóms þess umdæmis sem umræddur brotaaðili býr eða finnst. Ef dómur hlýst þar, getur Dómsmálaráðherra, ef nauðsynlegt og viðeigandi þykir, notað og tengt þann dómsuppskurð öðrum rannsóknum á brotum til að framfylgja megi lögum og reglum þessa undirkafla.

#### **(e) Sektir**

(1) (A) fyrirtæki, stofnanir eða þau umsvif sem hafa kennitölu og lúta bandarískum lögum, en brjóta þau samkvæmt undirkafla (a) þessa kafla, sæta það sekt sem getur numið allt að 2 000 000 dollurum.

(B) Ef fyrirtæki, stofnanir eða viðskiptaumsvif sem lúta bandarískum lögum og brjóta reglugerðir undirkafla (a) þessa kafla, mun dómsmálaráðherra með réttarúrskurði fara fram á að brotaaðili greiði sekt sem getur numið allt að 10 000 dollurum.

(2) (A) Stjórnandi, yfirmaður, starfsmaður eða umboðsmaður fyrirtækis eða sem lýtur bandarískum lögum sem viljandi brýtur reglugerðir (a) undirkafla þessa kafla, skal sæta sekt sem getur numið allt að 100 000 dollurum eða hlotið allt að 5 ára fangelsisdóm, eða sætt hvort tveggja, sektinni og fangelsisdómnum.

(B) Stjórnandi, yfirmaður, starfsmaður eða umboðsmaður fyrirtækis sem heyrir undir bandarísk lög, og viljandi brýtur reglugerðir (a) undirkafla þessa kafla, mun dómsmálaráðherra með réttarúrskurði fara fram á að brotaaðili greiði sekt sem getur numið allt að 10 000 dollurum.

- (3) Þegar yfirstjórnandi, yfirmaður, starfsmaður, umboðsaðili eða sá sem fer með málefni verðbréfa fyrir einhvern aðila, sætir sekt vegna brots á (2.) grein, er honum óheimilt að greiða slíka sekt sjálfur með beinum eða óbeinum hætti.

## **(f) Skilgreiningar**

Til frekari stílgreiningar þessa kafla:

- (1) Samkvæmt skilningi laga, telst brotaaðili allir einstaklingar, öll fyrirtæki, samstarf, hlutafélag, sameiginlegt hlutafélag, eignafélag, einkafyrirtæki sem lúta lögum einhvers erlends ríkis eða lögum yfirráðasvæða þess.
- (2) (A) "Erlendur stjórnarereindreki" skilgreinist sem embættismaður, starfsmaður eða valdsvið erlendrar ríkisstjórnar og opinberrar erlendrar stofnunar, eða sá sem á samvinnu við embætti eða deildir eða innan erlendrar ríkisstjórnar eða opinberrar erlendrar stofnunnar.

Til skilgreiningar undirmálgreinar (A), þá skilgreinist "opinber alþjóðleg stofnunum" sem--

- (i) stofnun sem framkvæmdavald forsetaembættisins (Bandaríska) hefur tilnefnd sem slíka samkvæmt 1. kafla "Viðurkenndar Alþjóðleglega Stofnanir" greinargerð (22 U.S.C. § 288); (International Organization Immunities Act), eða,
- (ii) allar aðrar alþjóðlegar stofnanir sem löglegar teljast þegar forsetinn með forsetaframkvæmdavaldi tilnefnir þær sem slíkar og til nánari skýringar taka tilnefningarnar gildi þegar þær birtast í Alríkisráðgjafi. (The Federal Register).
- (3) (A) Samkvæmt lögum telst einstaklingur meðvitaður um athæfi, aðstæður eða útkomur ef:
- (i) hann býr yfir vitneskju um athæfi einhvers og aðstæður tengdar því, veit af ákveðnum aðstæðum, eða ef hann veit með talsverðri vissu að ákveðin útkoma vegna slíkra aðstæðna eiga eftir að koma í ljós, eða
- (ii) Einstaklingurinn að trúir sterklega að ákveðnar aðstæður liggi fyrir, eða er talsvert viss um að ákveðin útkoma vegna slíkra aðstæðna eiga eftir að koma í ljós.

(B) Aðeins er hægt að sækja mál fyrir dómi ef sýnt þykir að meintur lögbrotur búi yfir vitneskju um ákveðnar aðstæður, en ef aðilinn telst búa yfir vitneskju um að mjög miklar líkur séu á að lög hafi verið brotin er slíkt kæruvert, ekki nema aðilinn telji að umræddar aðstæður séu alls ekki fyrir hendi.

- (4) (A) Skilgreiningin á "reglubundin störf opinbers starfsmanns" takmarkast við það sem aðeins getur talist eðlileg vinnubrögð erlendra stjórnarereindreka, líkt og:
- (i) nálgast leyfi, skýrteini, eða önnur opinber skjöl sem eru nauðsynleg hverjum þeim sem ætlar í erlend viðskipti

(ii) útbúa opinber gögn eins og landvistaleyfi og atvinnuleyfi.

(iii) útvega lögregluvernd, veita viðtöku pósts og senda póst eða skipuleggja skoðanir á förmum vegna samninga og skoðana á förmum á milli landshluta.

(iv) veita símaþjónustu, rafmagn, vatn, lestun og afförmun farma eða koma í veg fyrir að viðkvæmar vörur skemmist ekki eða:

(v) veita aðstoð með svipuðum hætti.

(B) Skilgreining á "reglubundnum vinnubrögðum opinberra starfsmanna" á ekki við neina ákvörðun erlenda stjórnarereindrekans um hvort, eða undir hvaða skilmálum, á að veita tilteknum aðila ný viðskipti eða viðhalda viðskiptum við tiltekinn aðila, eða neina aðgerð erlenda stjórnarereindrekans sem tekur þátt í ákvarðanabraut til að hvetja að ákvörðun sé tekin til að veita tilteknum aðila ný viðskipti eða viðhalda viðskiptum við tiltekinn aðila.

(5) Samkvæmt lögum skilgreinast "millifylkja- og millilanda viðskipti" (interstate commerce) sem verslun, samgöngur eða samskipti á meðal margra fylkja eða á milli landa og sjálfstæðra þjóða, sem og á milli hvaða staða eða skipa staðsett utan þessara þjóða og viðskiptin tengjast eftirfarandi.

(A) notkun síma, eða öðrum millifylkja- og millilanda samskiptamátum, eða

(B) opinberum embættismanni eða opinberu valdsviði.

## § 78ff Sektir

### (a) Viljandi brot á lögum; ósannur og villandi framburður og upplýsingar

Hver sem viljandi brýtur einhver ákvæði þessa kafla, lög, reglur og boð um löghlýðni hans er varðað eru við lög, (önnur en þeirra sem getið í kafla 78d-1 þessa lagaboðs), eða sá sem viljandi og meðvitaður gefur upp, eða að hans forsendum eru komnar rangar umsóknarupplýsingar, skýrslur, eða skjöl sem krafist er að verði lögð fram í samræmi við þennan kafla eða reglugerðir sem hér er að finna, sá sem sniðgengur umsóknar verklag sem um er getið í (d) undirkafla 780 kafla þessa lagaboðs, sniðgengur umsóknarferli hjá opinberum eftirlitum og lætur í té röng og villandi gögn í aðildarumsóknum - mun að fengnum dómi verða sektaður um upphæð sem getur numið allt að 5 000 000 dollurum eða vera dæmdur í fangelsi í all upp að 20 árum, eða sætt hvoru tveggja, en fyrirtæki og önnur starfssemi geta sætt sektum í allt að 25 000 000 dollunum, en enginn sætir fangelsisvistar vegna brota á lögum og reglum þessa kafla ef hann getur sannað að hann var ómeðvitaður um tilveru þeirra.

### (b) Misbrestur á skráningu skjala, skýrslna og upplýsinga

Ef misbrestur verður að hálfu útgefanda verðbréfasafna á skráningu upplýsinga, skjala og skýrslna samkvæmt lögum, reglum og skráningarkröfum undirkafla (d) kafla 78o þessa lagaboðs, skal hann greiða Bandaríkjunum 100 dollara á dag, upp á hvern dag, meðan slíkur misbrestur varir. Þessi upphæð er í stað dómshegningu en dómsmál kann að rísa samkvæmt (a) undirkafla þessa kafla. Sektin skal borguð til bandaríska ríkissjóðsins sem mun leitast við að fá hana greidda með réttardómi í nafni Bandaríkjanna.

**(c) Lögbrot útgefanda verðbréfasafna, yfirstjórnenda, yfirmanna, eigenda verðbréfa, starfsmanna eða umboðsmanna útgefanda verðbréfasafna**

(1) (A) Útgefendi verðbréfasafna, sem brýtur lög undirkafla (a) (g) 30a. kafla þessa lagaboðs [15 U.S.C. § 78dd-1] mun sæta sekt sem getur numið allt að 2 000 000 dollurum.

(B) Útgefendi verðbréfasafna, sem brýtur lög undirkafla (a) (g) 30a. kafla þessa lagaboðs [15 U.S.C. § 78dd-1] mun sæta sekt að hálfu hins opinbera sem eftirlitsnefnd verðbréfa mun krefjast og getur numið allt að 10 000 dollurum.

(2) (A) Stjórnarmaður, yfirmaður, starfsmaður eða umboðsmaður útgefanda verðbréfaskjala eða eigandi hlutabréfa ákveðins útgefanda verðbréfaskjala sem brýtur lög undirkafla (a) og (g) kafla þessa lagaboðs [15 U.S.C. § 78dd-1] skal sæta sekt sem getur numið allt að 100 000 dollurum, sæta fangelsi í allt upp að 5 árum, eða hvoru tveggja.

(B) Stjórnarmaður, yfirmaður, starfsmaður eða umboðsmaður útgefanda verðbréfasafna eða hlutabréfaeigandi sem fer með mál útgefanda verðbréfasafna sem brýtur lög undirkafla (a) og (g) kafla þessa lagaboðs [15 U.S.C. § 78dd-1] skal sæta sekt að hálfu hins opinbera sem eftirlitsnefnd verðbréfa mun krefjast og getur numið allt að 10 000 dollurum.

(3) Þegar yfirstjórnandi, yfirmaður, starfsmaður, umboðsaðili eða eigandi hlutabréfa ákveðins útgefanda verðbréfasafna, sætir sekt vegna brots á (2.) grein, er útgefanda verðbréfasafnanna óheimilt að greiða slíka sekt sjálfur með beinum eða óbeinum hætti.